

Fundargerð Aðalfundar foreldra og hollvinasamtaka ME 1.9.2024.

Tveir mættir í sal. Heiða og Þórey Birna.

- a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
Eygló formaður tók að sér fundarstjórn og setti Árna Óla sem ritara. Það var samþykkt samhljóða
- b) Skýrsla stjórnar um störf hennar og starfsemi samtakanna.
Eygló rakti störf foreldra og hollvinasamtaka, fundartímar í kringum skólanefndarfundi ársins þar sem skólameistari og formaður NME mæta..Hún ræddi síðan þá ákvörðun stjórnar um að eyða valkröfum í að styrkja rafíþróttaklúbb skólans um ca 450.000.
- c) Ársreikningar lagðir fram.
Steinunn Snædal kynnti ársreikning félagsins. Staða efnahagsreiknings við áramót 2023 var 509.494 kr og í dag eru um 530.000 til á reikningi
- d) Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og afgreiðsla hans.

Samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

- d) Lagabreytingar.
Engar lagabreytingar.
- e) Kosning í stjórn samtakanna.
Hvorug viðstaddra gaf kost á sér í stjórn og Skólameistari settur í að finna tvo stjórnarmenn á næstu vikum.
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna.
Skm ræðir við Magnús Jónsson sem annaðist þessa síðustu skoðun.

Önnur mál.

Rætt um að auglýsa eftir foreldrum á ballvaktir og einnig að koma á hollvinagreiðslum, jafnvel haust og vor...verður skoðað í nýrri stjórn.

Fráfarandi stjórn þökkuð óeigingjörn störf í þágu nemenda skólans en þær Eygló Jóhann og Sigríður Rún Tryggvadóttir hverfa á braut. Steinunn gjaldkeri mun starfa áfram en hún á tíu ára stjórnarsetu í samtökunum sem er algjörlega magnað og til fyrirmyndar.

Fleira ekki, fundi slitið kl 18.59

Fundargerð ritaði Árne Óla skm ME